



FLUGSTOÐIR
ISAVIA

Flugslysæfingin Grímsey 2007



Lokaskýrsla

FLUGSTOÐIR

ISAVIA

Umsjónarmenn með útgáfu þessarar skýrslu eru:
Kristján Torfason kristjan@flugstodir.is og Bjarni Sighvatsson bjarnis@flugstodir.is



Flugslysæfingin í Grímsey. 14.-16. september 2007.

Undirritaður kom með leiguflugi FÍ uppúr kvöldmat föstudaginn 14. september sl. ásamt Báru Benediktsdóttir frá Landspítala, Þorláki Snæ Helgasyni og Alfreð Birgissyni frá Slökkviliðinu á Akureyri (SA), Rögnvaldi Ólafssyni frá Almanavarnadeild ríkislögreglustjóra og Ingólfi Haraldssyni frá Slysavarnarfélaginu Landsbjörg.

Við byrjuðum á að koma okkur fyrir á gistiheimilinu Gullsól. Við fórum síðan í skoðunarferð um flugvöllinn og síðan í félagsheimilið. Veltum vöngum yfir staðsetningu flaks og fleiri praktískra hluta. Boðunarpróf fór fram seinni hluta dagsins og virtist það hafa tekist vel.

Laugardagur 15. september

Æfingin var sett í félagsheimilinu kl. 09:30. Fyrst skýrði BS frá heildarmynd æfingarinnar svo sem um tilgang æfingarinnar, dagskrá og fleiru, Rögnvaldur fór yfir skipulag og stýringu aðgerða og SÁBF kerfið, Bárara var með erindi um ummönnun slasaðra og starfrækslu SSS (söfnunarsvæðis slasaðra) og Þorlákur var með fyrri hluta erindis um aðkomu að flugslysi og slökkvi og björgunarmál.

Eftir hádegismat lauk Þorlákur við seinni hluta síns erindis.

Um tvöleitið hófust svo æfingar sem voru verklegar slökkviæfingar annarsvegar og verklegar æfingar í áverkamati, skoðun og aðhlyningu sjúklinga hinsvegar. Æfingum lauk um fimmleitið. Það sem eftir lifði dags fór í undirbúning.

Sunnudagur 16. september

Förðun sjúklinga átti að hefjast upp úr klukkan átta að morgni. Þegar til kom mætti aðeins einn af 6-8 Pólverjum lofað höfðu að koma og leika sjúklinga en þeir búa og stunda vinnu á staðnum. Ekki hress með landa sína hljóp okkar maður af stað og ekki löngu seinna fóru landar hans að mæta. Tafði þetta auðvitað förðunina en kom ekki að sök að öðru leiti. Upp úr klukkan hálf tíu höfðu Þorlákur og Alfreð gert vettvanginn kláran og komið sjúklingum fyrir ásamt Báru. Veður var fremur óhagstætt, hvass norðaustan vindur og úrkoma hitastigið um frostmark.

Var þá gefið ræs og Magnús turnmaður hringdi í 112 og tilkynnti um atburð.

Fljótlega uppúr því dreif að slökkvilið staðarins, björgunarsveitarmenn og aðra þá heimamenn sem eru á útkallsskrá. Hófst slökkviliðið handa við að slökkva elda og síðan að bjarga fórnarlömbum.

Á meðan var söfnunarsvæði slasaðra (SSS) gert klárt í flugstöðinni, það er að bekkir, borð og lausamunir voru bornir út til að skapa pláss og

skoðunarborð sett upp. Fljótlega komu fyrstu sjúklingar og hófst þá skoðun, greining og aðhlyning. Í ljós kom að flugstöðin er aðeins nothæf sem SSS fyrir að hámarki 3-4 sjúklinga. Þar sem þeir voru 8 þá var þröng á þingi. Rétt væri að flugstöðin væri aðeins fyrir rauða en vélageymsla fyrir aðra. Þegar sjúklingar höfðu dvalið dagóða stund í SSS, verið skoðaðir, greindir og metnir undir vökulu auga ráðgjafans Bárú Benediktsdóttur frá Landspítala þá kom "greiningarsveit". Yfirlæknir frá Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri kom með flugi og tók við SSS. Þegar hann hafði farið yfir greiningarnar og ákveðið forgang flutnings var æfingunni slitið enda var eingöngu um vettvangsæfingu að ræða. Eftir æfinguna var dót tekið saman og gengið frá flugstöðinni. Að því loknu var haldið í félagsheimilið þar sem snæddur var hádegisverður

Í framhaldi var haldinn stuttur rýnifundur. Bjarni Sighvatsson kvað æfinguna hafa gengið vel, heilt á litið. Hvassviðri og slyddurigning hafði gert björgunarmönnum erfitt fyrir. Þrátt fyrir þetta tókst vel að slökkva og bjarga úr flaki. Forgangur var að flytja sjúklinga í skjól í ljósi kælingar og var það gert með öllu tiltækum flutningatækjum.

Fljótlega kom í ljós að söfnunarsvæði slasaðra í flugstöðinni var of lítið fyrir fjölda sjúklinga, en þrátt fyrir mikil þrengsli voru allir skoðaðir og greindir og sumir oft.

Ljóst væri að breyta þyrfti söfnunarsvæði slasaðra í flugslysaáætlun. Bagalegt hefði verið að skyndihjálparnámskeið sem halda átti helgina áður, hefði fallið niður því þá hefði sú fræðsla nýst vel á æfingunni. Hinsvegar virtist sem fræðsla Bárú í greiningu og aðhlyningu sjúklinga hefði gagnast vel.

Jákvæðni íbúa og vilji til þess að leysa málin fannst mér vera einkennandi fyrir æfinguna. Auk hæfilegrar þjálfunar er það einmitt uppskriftin að því að geta tekist á við vandamál sem upp kunna að koma. Það er staðreynd að þeir sem búa á eyju verða ákaflega oft að treysta á sjálfa sig því utanaðkomandi hjálp er ekki er ekki alltaf við hendina.

Við ráðgjafarnir þökkum fyrir ánægjulega viðkyningu.
Bjarni Sighvatsson.

Minnispunktur / lærdómsatriði:

- SSS í flugstöð verður að breyta í SSS rauðir í flugstöð en gulir/grænir í vélageymslu.
- Aðfylling slökkvibíls nánast óvirk. Tekur amk. 15 mín að fylla.
- Ákveðið að bjóða þeim heimamönnum sem áhuga hefðu á að vera viðstadda bóklega hluta og að hluta til þess verklega þegar SA menn koma með sín viðhaldsnámskeið fyrir flugvallarstarfsmenn.
- Heimamenn hvattir til þess að nýta sér námskeið td. námskeið Slysavarnarfélagsins Landsbjargar í skyndihjálp og fleiru.



Flugslysaæfingin Grímsey 2007 - Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Heilbrigðisþjónusta-Íbúar Grímseyjar og björgunarsveitin Sæþór í Grímsey	Bára Benediktsdóttir hjúkrunarfræðingur LSH.

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Íbúar Grímseyjar ásamt Björgunarsveitinni Sæþór í Grímsey

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
Vettvangur og söfnunarsvæði slasaðra (SSS).

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.
--

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Fræðsla um skyndihjálp hefði mátt fara fram um það bil einum til tveimur mánuðum fyrir æfingu.

Kennsla í bráðaflokkun hefði einnig átt að fara fram með sömu tímamörkum.

Það þarf að vera skýrt hver á að stjórna bráðaflokkun og sér um að upplýsingar til aðgerðarstjórnar á Akureyri um fjölda slasaðra og ástand þeirra. Formaður björgunarsveitarinnar eða staðgengill hans ætti að sinna þessum þætti.

Ganga þarf frá skipulagi á fjarskiptum á milli Grímseyjar og aðgerðarstjórnar á Akureyri og einnig Grímseyjar og samhæfingastöðvarinnar í Skógarhlíð.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Söfnunarsvæði slasaðra sem er í flugstöðinni er ekki ætlað fyrir en fleiri 4-5 sjúklinga og þarf að hafa það í huga við frekari skipulagningu. Hugsanlega þyrfi að nota vélargeymslu eða húsið sem er fyrir norðan vélargeymsluna fyrir sjúklinga.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Mjög góð þáttaka var í fræðslu daginn fyrir æfingu og mikill áhugi heimamanna á því hvernig þeir gætu gert sem best.

Vel gekk af flytja fólk af vettvangi í þeim farartækjum sem voru fyrir hendi.

Sjúklingum á söfnunarsvæði slasaðra var mjög vel sinnt og var lagður metnaður í að búa fólk sem best undir flutning og nýta tíman vel á meðan beðið var eftir sjúkraflugi.

Yfirlæknir heilsugæslunar á Akureyri sem jafnframt er yfirmaður heilsugæslunar í Grímsey kom og tók þátt í æfingunni og kom með margar góðar ábendingar til þeirra er voru að vinna við umönnun sjúklinga á SSS Bæta þyrfti við búnað eins og
Togspelku
Hálskraga
Bakbretti
Leitarljós
Brunaumbúðir

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Koma þarf á reglubundnum skyndihjálparæfingum í Grímsey einnig þurfa heimamenn og björgunarsveitin að æfa saman allt að einu sinni á ári.

Best er að hafa allan þann útbúnað sem til er í eyjunni á sama stað, eða allavega að sem flestir viti hvar hvað er geymt . Í dag eru þetta allt að þrjár staðir þar sem þessir hlutir eru geymdir, það er á flugvælinum, í björgunarsveitarhúsinu og um borð í skipum ef þau eru í landi.

Einnig þyrfti að huga að lyfjum sem eru aðgengileg og þá sérstaklega verkjalyfjum sem fyrst og fremst eru notuð í slysum.

Við slys í Grímsey er allavega einnar klukkustundar bið eftir sérhæfðri aðstoð og þekkja Grímseyingar það manna best. Þess vegna er meðal annars mjög mikilvægt að þeir fái viðhald á fræðslu og þjálfun til þess að gæði lífs skjólstæðings verði sem best efir atburð.

Ekki var fjallað um sálræna né þáttinn né honum sinnt sérstaklega að þessu sinni.



Flugslysaæfingin Grímsey 2007 - Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Björgun á slysavettvangi	Þorlákur Snær Helgason

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Allir sem komu að æfingunni, flugvallarverðir, slökkvilið, björgunarsveit og kvenfélag.

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?

Var staddur á slysavettvangnum.

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Það sem hefði mátt fara betur er að þau verkfæri sem vatnaði á slökkvibílinn á flugvelli hefðu átt að vera komin og eldgalli á Dónald. Bæjarlökkviliðið mætti æfa sig oftar.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Slökkvibílinn á flugvellinginum mátti vera betur staðsettur miðað við vind og eldsvæðið. Slökkviliðstjórinn á að stjórna vettvangnum en ekki að slökkva sjálfur í vinnuna. Flugvallarverðirnir hefðu mátt fara fyrir af vettvangi til að gera slökkvibílinn kláran fyrir annað flug en það kom sér vel að hafa hann svona lengi á vettvangnum því að bjæarslökkvibílinn var vatnslaus.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Ég var mjög ánægður með hvað margir mættu á fyrirlestrana á laugardeginum, hvað þau tóku vel eftir og einnig virkan þátt í verklega hlutanum.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Æfingin gekk mjög vel hjá þeim og var ég mjög ánægður með hvernig þau unnu á vettvangnum miðað við þann búnað sem þau hafa. Flugvallarverðirnir voru snöggir að slökkva í flaginu og tryggja vettvang og fóru síðan að sinna sjúklingum. Þegar fleira fólk kom til að sinna sjúklingum gekk þetta hratt fyrir sig. Bæjarlökkvilið var fljótt að ná fólki úr flaginu sem var fast inn í því, þó þeir hefðu ekki mikið af verkfærum. Var mjög ánægður með alla sem tóku þátt í æfingunni. Vona að það gangi allt vel hjá þeim við raunverulegar aðstæður.



